

Margrét litla og önnur börn á miðöldum

Sýning í Sjóminjasafni Íslands
15. september- 15. desember 2000



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Börnernes Museum
Sjóminjasafn Íslands
Þjóðminjasafn Íslands

Margrét litla og önnur börn á miðöldum

Sýning í Sjóminjasafni Íslands
15. september- 15. desember 2000



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Börnenes Museum
Sjóminjasafn Íslands
Þjóðminjasafn Íslands

Sýningin Margrét litla og önnur börn á miðöldum er gerð í Börnes Museum sem er deild í danska Þjóðminjasafninu. Sýninguna gerðu Connie Hinsch, Rikke Agnete Olsen og Frantz Wendt. Norræna ráðherranefndin lagði fram fé til þess að senda sýninguna um Norðurlönd og Eimskipafélag Íslands og Menningarmálanefnd Hafnarfjarðar veittu fjárstyrk sem gerði kleift að taka á móti sýningunni á Íslandi. Öllum þessum aðilum eru færðar þakkir, ekki síst Connie Hinsch sem gerði sér ferð til Íslands til að aðstoða við uppsetningu sýningarinnar

Börn á miðöldum

Ok er Gunnlaugr var tólf vetra gamall, bað hann föður sinn fararefna, ok kvazk hann vilja fara útan ok sjá sið annarra manna. Illugi bóndi tók því seinliga, kvað hann eigi mundu þykkja góðan í útlöndum, er hann þóttisk trautt mega semja hann þar heima, sem hann vildi.

Ok einnhvern dag, er menn sátu í stofu at Borg, þá mælti Gunnlaugr til Þorsteins: “Einn er sá hlutr í lögum, er þú hefir eigi kennt mér, at fastna mér konu.” Þorsteinn segir: “Þat er lítit mál,” ok kenndi honum atferli. Þá mælti Gunnlaugr: “Nú skalt þú vita, hvárt mér hafi skilizk, ok mun ek nú taka í hönd þér ok láta sem ek festa mér Helgu dóttur þína.”¹

Þegar lesið er í Íslendingasögum verður maður fjótlega var við óvenjulegan þroska sögupersóna. Þær eru vart komnar af barnsaldri er þær eru farnar að taka fullan þátt í lífi fullorðinna. Gunnlaugur ormstunga er þar engin undantekning þó að föður hans þætti hann heldur ungur að leita sér frama í öðrum löndum. Í Eyrbyggju segir að Snorri goði Þorgrímsson hafi verið 14 vetra er hann hélt fyrst utan til Noregs. Á vorþingi, sextán vetra gamall, heimtíri Snorri föðurarf sinn, Helgafellsland. “Hann varðveitti þá hof; var hann þá kallaður Snorri goði; hann gerðist þá höfðingi mikill.”²

Þetta vekur upp spurningar um það hvenær menn teljast vera komnir af barnsaldri í hinum ólíku þjóðfélögum. Um það segir Loftur Guttormsson í bók sinni, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*:

Þó að sameiginlegir drættir í líffræðilegum þroska manna selji vissulega skorður við menningarlegum tilbrigðum, er þroskinn svo háður ýmsum þjóðfélagsaðstæðum, t.d. atvinnuháttum, fæðukosti og verkaskiptingu eftir kyni eða aldri, að hann reynist sjaldan vera mjög ákvarðandi þáttur í sjálfu sér. Þannig hafa mannfræðingar sýnt fram á að sjaldnast fer saman “kynþroska-aldir” (puberty) í líkamlegum og félagslegum skilningi: líkamsþroskinn komi ýmist á undan eða eftir félagsþroskanum eins og hann er skilgreindur hverju sinni. Af hinum fyrrnefnda verður því ekki ráðið með vissu hvaða aldri einstaklingurinn þarf að hafa náð til þess að teljast kominn af barnsaldri. Þannig er sitthvað að vera barn/unglingur í háþróðuðu iðnaðarþjóðfélagi eða í lítt verkskiptu samfélagi. Það er menningin í víðasta skilningi sem ljær aldursflokkun félagslega merkingu.³

¹ Gunnlaugs saga ormstungu. *Íslensk fornrit* III. bindi. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Rv. 1938, bls. 59-60.

² Eyrbyggja saga. *Íslensk fornrit* IV. bindi. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Rv. 1935, bls. 22 og 24-25.

³ Loftur Guttormsson: *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar. *Ritsafn Sagfræðistofnunar* 10. Rv. 1983, bls. 9

Viðhorf til barna hefur verið viðfangsefni sagnfræðinga nokkra undanfarna áratugi en bók franska sagnfræðingsins Philippe Ariés, *L'enfant et la vie familiale sous l'ancien régime*, sem út kom árið 1960, má heita brautryðjendaverk um þau efni. Í stuttu máli er kenning Ariés á þá leið, að miðaldamenn hafi litið á börn sem "litla fullorðna". Í heimilishaldi miðaldasamfélagsins höfðu menn nánast stöðugt samlífi, ungir og aldnir, foreldrar og börn, húsbændur og hjú, ríkir og fátækir. Þessi skortur einkalífs hefur skapað nán frjálst samskipti og ólíkt þjóðfélagi nýaldar voru ekki skörp skil dregin milli þessara hópa. Börn tóku því fullan þátt í lífi fullorðinna um leið og þau höfðu getu til, en fram að því, telur Ariés, þau hafa verið lítils metin, og jafnvel tilfinningalega afskipt miðað við það sem síðar varð. Gjarnan voru börn send í vist til annars bónda, eða í læri hjá iðnmeistara. Bernska var gjarnan talin enda við 6-7 ára aldur en þá var algengt að sveinar færu í læri hjá gildismeisturum. Börn urðu því snemma fullir þátttakendur í atvinnulífinu.

Ariés telur að vitund um að börn væru sérstakur hópur hafi vaknað smám saman seint á miðöldum, en þegar komið var fram á 17. öld voru umskiptin orðin áberandi. Á málverkum má sjá að börn voru farin að bera sérstakan barnaklæðnað sem varð til að skerpa vitundina um bernskuna. Ólíkt miðaldasamfélaginu, þar sem skilin milli vinnu og leiks voru ekki mjög skörp var farið að líta svo á að leikir og tómsundir væru fyrst og fremst fyrir börn. Mæður fóru að sýna börnum sínum aukinn áhuga sem birtist meðal annars í "kjassi og gælum". Uppeldisfrömuðir siðbótarinnar áttu einnig eftir að hafa áhrif á þróunina segir Ariés. Ólíkt því sem gerðist á miðöldum, þar sem menn voru tiltölulega óbundnir af boðum og bönnum, var farið að móta "ósiðsemishugtakið", ekki síst í kringum kynlífið. Það var talið mikilvægt að varðveita "sakleysi bernskunnar", og einangra börn frá lífi fullorðinna. Skólinn tók einnig breytingum, en í skólasamfélagi miðalda var ekki um að ræða neina formlega aldurskiptingu eftir námsefni, heldur var nemandinn í flokki sjálfráða manna – *corpus universitatis* – og hugtakið skólaaldur var ekki fyrir hendi. En það hugtak verður til í hinum "siðbreyttu" skólum Frakklands og Englands upp úr 1600. Í stað þess að senda börn í vist var nú yfirvaldinu, skólakennaranum, falið að annast félagsmótunina. Skólinn varð ögunartæki þar sem einráður kennari gat beitt líkamsrefsingum. Nemandinn var álitinn barn og sviptur öllu sjálfræði. Hin borgaralega fjölskylda krafðist einkalífs og kjarnafjölskyldan einangraði sig frá hjúum og öðru hyski sem gátu haft slæm áhrif á uppeldi barnanna. Þannig varð skólinn og fjölskyldan sóttkví, þar sem börn voru höfð undir ströngum aga.⁴

⁴ Um kenningar Ariés og gagnrýni sagnfræðinga á þær fjallar Loftur Guttormsson í bók sinni, *Bernska, ungdómur og uppeldi*, bls. 15-56.

Segja má að nú á dögum myndi unglingar sérstakan menningarkima, þar sem þeir aðgreina sig með sérstakri unglingatísku, áhugamálum og jafnvel málfari. Unglingarnir eru ekki fyllilega gjaldgengir á vinnumarkaði, þar sem sífellt er krafist aukinnar menntunar og sérhæfingar. Skólarnir þjóna því sem einhverskonar geymslustaðir meðan ungdómurinn er að mannast. Fræðimenn taka flestir undir með Ariés, þar sem hann segir að "unglingurinn", í nútíma skilningi, hafi ekki komið fram fyrr en við lok 18. aldar. Um það segir Loftur: "Tekið hefur verið svo til orða, reyndar með nokkrum ýkjum, að Rousseau hafi "fundíð upp" unglínginn um svipað leyti og Watt fann upp gufuvélina."⁵

Hvernig kemur þetta heim og saman við íslensk miðaldarit? Efnið hefur lítið verið rannsakað, en rétt er að líta á nokkur dæmi. Íslendingasögurnar eru vandmeðfarnar heimildir. Oft vilja höfundar búa persónur sínar óvenjulegum þroska. Sem dæmi verður það að teljast ótrúlegt að Grettir hafi farið með þann kveðskap sem honum er eignaður tíu vetra gamall.⁶ Engu að síður má reyna að greina viðhorf 13. aldar höfundanna til barna í sögunum og skiptir þá ekki máli hvort Grettir hafi verið til eða ekki. Ariés bendir á hin óljósu skil milli vinnu og leiks í miðaldasamfélaginu. Í Íslendingasögum er að finna fjölmörg dæmi um leiki af ýmsu tagi, svo sem knattleiki og hestaat. Grettir Ásmundarson tók þátt í knattleik er hann var fjórtán vetra gamall. Í sögu hans segir:

Var Gretti ætlat at leika við Auðun, er fyrr var nefndr; hann var þeira nökkurum vetrum ellri. Auðunn sló knöttinn yfir höfuð Gretti, ok gat hann eigi nát; stökk hann langt eptir ísinum. Grettir varð reiðr við þetta, og þótti Auðunn vilja leika á sik; sækir þó knöttinn, kemr apt, ok þegar hann náði til Auðunar, setr hann knöttinn rétt framan í enni honum, svá at sprakk fyrir. Auðunn sló Gretti með knattgildrunni, er hann helt á, ok kom lítt á, því at Grettir hljóp undir höggit; tókusk þeir þá á fangbrögðum ok glímdu. Þóttusk menn þá sjá, at Grettir var sterkari en menn ætluðu, því at Auðunn var rammr at afli. Áttusk þeir lengi við, en svá lauk, at Grettir fell; lét Auðunn þá fylgja kné kviði ok fór illa með hann.⁷

Ófarir Grettis urðu honum til nokkurrar háðungar. Egill Skallagrímsson lét hins vegar ekki að sér hæðast er hann sjö vetra gamall hitti fyrir ofjarl sinn í knattleik, heldur "hjóp Egill at Grími ok rak öxina í höfuð honum, svá at þegar stóð í heila."⁸ Ekki hafði Skallagrímur faðir hans betri siði er hann keyrði niður Þórð Granason í knattleik, þannig að hann hafði bana

⁵ Loftur Guttormsson: *Bernska, ungdómur og uppeldi*, bls. 49.

⁶ Grettis saga Ásmundarsonar. *Íslensk fornrit* VII. bindi. Guðni Jónsson gaf út. Rv. 1936, bls. 37-42.

⁷ Grettis saga, bls. 43-44.

⁸ Egils saga Skallagrímssonar. *Íslensk fornrit* II. bindi. Sigurður Nordal gaf út. Rv. 1933, bls. 99-100.

af.⁹ Það sem einkennir þennan “leik” er að þar er oft barist upp á líf og dauða. Þar fer fram mannjafnaður og orðstírinn lagður að veði og á það jafnt við um unga sem aldna. Sögurnar greina hins vegar frá óvenjulegum uppákomum og óþarfi er að gera ráð fyrir að leikirnir hafi að jafnaði endað með mannvígum. Leikir þessir verða þó tæplega flokkaðir með “barnaleikjum” í nútímaskilningi orðsins þó vissulega fari fram nokkur mannjafnaður í knattspyrnuleikjum nútímans og þar taki bæði þátt börn sem fullorðnir.

Það er einnig alvanalegt að börn séu send í fóstur. Frægasta dæmið er e.t.v. fóstur Snorra Sturlusonar hjá Jóni Loftssyni í Odda.¹⁰ Að sitja heima gerir menn “heimska”, en í Hávamálum er það orðað svo:

Vits er þörf,
þeim er víða ratar;
dælt er heima hvat;
at augabragði verðr,
sá er ekki kann
ok með snotrum sitr.

Fóstrun hjá vandalausum hefur líklega verið álitid menntandi fyrir börn, þar sem þeim var komið úr vernduðu umhverfi foreldrahúsanna.

Viðhorf löggjafans má kanna í *Grágás*. “Ómagaaldur” miðast þar við sextán vetra aldur; framfærsluskylda og fjárvarðveisla.¹¹ Sextán vetra gátu menn því krafist arfs síns, líkt og Snorri gerði til Helgafellslands. Hín fleyga setning í *Grágás*, um að “sonur sextán vetra gamall eða eldri er fastnandi móður sinnar”¹², leiðir af framansögðu, að þá telst karlmaður orðinn myndugur. Á 11. og 12. öld vann kirkjan að því að setja regluramma um það sem hún kallaði “löglegt hjónaband” (*Legitimum matrimonium*). Þar var litið svo á að hjónabandið væri samningur tveggja frjálsra einstaklinga, líkt og við þekkjum í dag, og þess krafist að maður og kona játuðust hvort öðru frammi fyrir Guði. Hjónabandið varð viðfang guðfræðinnar og flokkað með sakramenntunum. Um þetta var tekist á um við hið veraldlega vald, því hjónabandið skiptir miklu máli í valdatafli stjórnmalanna; veitir réttindi og ákvarðar erfðir. Þetta nýja “hjónabandsmódel” kirkjunnar hafði ekki fyllilega náð að festa rætur á Íslandi á 13. öld heldur var það hlutverk lögráðanda að gifta konu. Í *Grágás* er ekki að finna nein giftingaraldursmörk en talað er um giftar konur undir sextán ára aldri og í Íslendingasögum og *Sturlungu* er að

⁹ Egils saga, bls. 101.

¹⁰ *Sturlunga saga*, fyrri bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Rv. 1946, bls. 113.

¹¹ *Grágás. Lagasafn Íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Rv. 1992, bls. 50-51, 57 og 81.

¹² *Grágás*, bls. 109.

finna dæmi um giftingaraldur kvenna 13 – 15 ára. Frægasta dæmið er lýsing Sturlungu á Flugumýrabrennu og brúðkaupi Ingibjargar Sturludóttur og Halls Gissurarsonar árið 1253. Er húsin fóru að loga “kom þar til Gróu í andyrit Ingibjörg Sturludóttir ok var í náttserk einum ok berfætt. Hon var þá þrettán vetra gömul ok var bæði mikil vexti ok sköruglig at sjá”¹³, en það er faðir Ingibjargar, Sturla Þórðarson sem hér heldur á fjöðurstaf. Í kanoniskum rétti var giftingaraldur miðaður við kynþroska, tólf ára fyrir stúlkur en fjórtán ára fyrir drengi. Það viðmið var tekið upp í *Kristinnrétt Árna biskups* árið 1275. *Jónsbók*, sem tekin var í lög á Íslandi árið 1281 miðar hins vegar ómagaldur við sextán vetur,¹⁴ en með réttarbót Hákonar háleggs árið 1314 var aldurinn lækkaður í fimmtán vetur.¹⁵ Þó er máni óheimilt að “jata undan sér arfi” ef hann er undir tvítugu, samkvæmt réttarbótinni frá 1314.¹⁶

Hafa ber í huga að *Grágás* er ekki lögbók heldur lagasafn og hinar ýmsu réttarheimildir í bókinni geta verið frá ýmsum tíma og ekki endilega í gildi samtímis. Þannig greinir tvö aðalhandrit *Grágásar* á um aldurinn þar sem segir frá því hvernig með skuli fara ef yngri maður en tólf vetra, samkvæmt *Staðarhólsbók*, en sextán vetra samkvæmt *Konungsbók*, vegur mann. Bæði handritin eru sennilega rituð á árabílinu 1250-80, og er talið að *Konungsbók* sé eldri. Um þetta eru þó skiptar skoðanir fræðimanna.¹⁷ Víða í *Grágás* miðast réttindi við tólf ára aldur. Tólf vetra gamlan karlmann má nefna í dóma en auk þess segir í Þingskaparþætti að ef goði andast “og er þar eftir sonur tólf vetra gamall, og er rétt að hann fari með [goðorðið] ef menn lofa það”.¹⁸ Það var ekki óalgenget í germönskum rétti að börn yrðu fullveðja við tólf ára aldur.¹⁹

Hér hafa verið tínd til nokkur dæmi sem gefið geta vísbendingar um viðhorf miðaldamanna á Íslandi til barna, en eins og áður sagði er efnið enn lítt rannsakað.

Þór Hjaltalín

¹³ *Sturlunga saga*, fyrri bindi, bls. 490.

¹⁴ *Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons Lovbog for Island. Vedtaget på Altinget 1281 og rettarbætur, de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314*. Udgivet efter haandskitterne ved Ólafur Halldórsson. Óðinsvé 1970. Sjá t.d. bls. 87, 92, 210-211 og 231.

¹⁵ *Jónsbók*, bls. 298.

¹⁶ *Jónsbók*, bls. 296.

¹⁷ *Grágás*, bls. xii-xvi.

¹⁸ *Grágás*, bls. 445.

¹⁹ Loftur Guttormsson: *Bernska ungdomur og uppeldi*, bls. 49.

Leikir og leikföng á Íslandi

Elstu skrifaðar heimildir um líf fólks á Norðurlöndum eru Íslendingasögurnar. Einungis örfáar þeirra nefna þó börn og leiki þeirra og þá oftast í einni eða tveimur setningum. Nokkrar lengri lýsingar eru þó til sem eiga líklega að þjóna þeim tilgangi að gefa lesandanum skýrari mynd af hetjum sögunnar, þ.e. sýna fram á að þegar sem börn hafi þær haft vissa hæfileika eða eiginleika. Þó gera megi ráð fyrir að lýsingar þessar séu að einhverju leyti ýktar er líklegt að leikirnir sjálfir og leikföngin séu raunveruleg og þekkt, að minnsta kosti á þeim tíma sem sögurnar eru skrifaðar, 13. og 14. öld, og jafnvel fyrr.

Í Egils sögu Skallagrímssonar er líklega ítarlegasta lýsing á bernskubrekum söguhetju í Íslendingasögnum. Þegar Egill var þriggja vetra bauð Yngvar móðurafi hans foreldrum hans og eldri bróður til veislu. Egill vildi líka fara en var neitað vegna þess að hann yrði svo erfiður með víni. Egill setti sig ekki við þetta og tók einn af hestum föður síns og elti þau til veislunnar. Þegar þangað var komið bauð afi hans hann velkominn og í þakkarskyni orti Egill um hann kvæði.¹

En um daginn eftir þá færði Yngvarr Agli at skáldskaparlaunum kúfunga þrjá ok andaregg. En um daginn eftir við drykkju kvað Egill vísu aðra um bragarlaun:

Síþögla gaf söglum
sárgagls þrjá Agli
herðimeidr við hróðri
hagr brimrótar gagra,
og bekkþiðurs blakka
borðvallar gaf fjórða
kennimeidr, sás kunni,
körbeð, Egil gleðja. .

Vísan er skýrð svo:

Hagur vopnasmíður gaf orðhvötum Agli þrjá þögula kuðunga að bragarlaunum, og sjógarpurinn, sem kunni að gleðja Egil, gaf hinn fjórða grip, andaregg.²

¹ Íslendingasögur, annað bindi. Rvk. 1946, bls. 78-79

² Íslendingasögur, annað bindi. Rvk. 1946, bls. 78-79

Í kvæðinu eru kuðungar kallaðir *brimrótar gagnar*. Á nútíma máli þýðir það *hundar hafsins*. Það er ekki ólíklegt að þarna sé Egill að vísa í notkun kuðunga í leikjum barna. Allt fram á síðustu öld voru kuðungar nefnilega látnir tákna hunda í búleikjum. Það er mjög freistandi að trúa því að Egill, eða höfundur Egils sögu, hafi leikið sér á sama hátt og enn tíðkaðist á síðustu öld, og að leikföng hafi ekki breyst svo ýkja mikið síðastliðin þúsund ár.³

Þegar Egill var á sjöunda vetri fékk hann að koma með til Hvítárvallda þar sem hvern vetur voru haldnir knattleikar. Strákarnir gerðu eins og fullorðnu mennirnir og voru með eigin keppni.

En er þeir lékust við, þá var Egill ósterkari. Grímr gerði og þann mun allan, er hann mátti. Þá reiddist Egill ok hóf upp knatttrét ok laust Grím, en Grímr tók hann höndum ok keyrði hann niðr fall mikit ok lék hann heldr illa ok kveðst mundu meiða hann, ef hann kynni sik eigi ... Grímr hafði þá hent knöttinn ok rak undan, en aðrir sveinarnir sóttu eftir.⁴

Af þessu má sjá að auk bolta var notað knatttré. Ef til vill var leikurinn eitthvað í líkingu við nútíma íshokkí.

Gudmundur Arason (1161-1237), sem síðar varð biskup yfir Norðurlandi, lék sér sem barn við Ögmund Þorvarðarson sem síðar varð mikill höfðingi

En til ins sama atferlis kom jafnan um leik þeira, hvat sem fyrst var upp tekit, at Gudmundi var ger mítra ok bagall ok messuföt, kirkja ok altari,- ok skyldi hann vera byskup í leiknum, - en Ögmundi öx ok skjöldur ok vápn, - ok skyldi hann vera hermaður.⁵



Brúða fundin í Reykjavík. Ljósmynd Árbæjarsafn.

³ Símon Jón Jóhannsson o.fl. Bernskan. Rvk. 1990, bls. 84-86

⁴ Íslendingasögur, annað bindi. Rvk. 1946, bls. 97

⁵ Sturlunga saga, fyrsta bindi. Rvk. 1948, bls. 201

⁶ Nordahl 1988:47

⁷ Þór Magnússon 1973:26

⁸ Jónas Jónasson frá Hrafnagili 1945:271

Mjög fá leikföng hafa fundist við fornleifarannsóknir á Íslandi. Við rannsókn á elstu byggð Reykjavíkur fannst brúða úr tré. Hún er 16 cm há og hefur hvorki hendur né fætur. Hún fannst í lagi sem lá undir elstu húsin á svæðinu, þ.e. hún er líklega frá fyrstu öld Íslandsbyggðar. Brúðan hefur líklega verið klædd í leður eða klædi með fætur og hendur úr sama efni. Samskonar brúður hafa fundist t.d. í Novgorod í Rússlandi í jarð-lögum frá 10., 11. og 13. öld.⁶ Annað sem hefur verið túlkað sem leikföng við fornleifarannsóknir á Íslandi eru marglitir smásteinar sem hafa fundist í hrúgum í íbúðarhúsum, jafnvel þó nokkuð langt frá þeim stöðum sem þeir finnast náttúrulega á. Dæmi um slíkt er langhús í Hvítárholti sem grafið var upp á árunum 1963-1967. Þar fundust 11 smásteinar. 9 svartir og 2 ljósir, sem skýrsluhöfundur taldi augljóst að börnin á bænum hefðu tínt við ána og borið heim líkt og börn gera enn þann dag í dag þúsund árum síðar.⁷

Leiða má líkum að því að ástæða þess að fá leikföng frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafa fundist, sé sú að leikföng voru mjög fábrotin og oft úr efnum sem erfitt er að skilja frá úrgangi eða náttúru staðarins. Sem dæmi má nefna að samkvæmt Jónasi frá Hrafnagili í bókinni *Íslenskir Þjóðhættir* léku börn á 19. öld sér aðallega í búleikjum. Völur, leggir, horn og kjálkar úr kindum og kúm voru hin ýmsu dýr á bænum. Börn sem bjuggu við sjóinn notuðu ýmiss konar skeljar í sama tilgangi. Hörpuðiskar voru matarföt og kuðungar hundar. Stúlkur gerðu sér brúður úr pjötlum.⁸ Allt þetta er auðvelt að afskrifa sem matarúrgang eða annan úrgang við fornleifauppgröft. Sem dæmi má nefna að beinum er oft safnað saman í poka og skráð hversu mikið magn kemur upp á fermetra. Gert er ráð fyrir að þau séu öll matarleifar. Til þess að finna leifar eftir börn þurfa fornleifafraeðingar að hugsa eins og börn, setja sig í þeirra spor. Hvar eru líklegustu staðirnir til að finna leikföng? Hvaða leikföng er líklegt að finna á þessum stöðum?

Agnis Stefánsdóttir

Heimildaskrá

Íslendingasögur. Annað bindi. Borgfirðinga sögur. Reykjavík 1946.

Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1945. *Íslenskir Þjóðhættir*.

Nordahl, Else. 1988. *Reykjavík from the archaeological point of view*. Aun 12. Uppsala.

Simon Jón Jóhannsson & Bryndís Sverrisdóttir. 1990. *Bernskan. Líf, leikir og störf íslenskra barna fyrr og nú*.

Þór Magnússon. 1973. Söguvaldarbyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1972*.

Aðstæður norræna barna á miðöldum

Börn og unglingar voru fjölmenn á miðöldum. En aðeins fáeinir urðu mjög gamlir. Ástandið var svipað og í löndum þriðja heimsins nú á dögum; Mikið fæddist af börnum en mörg þeirra dóu. Þau sem komust til fullorðinsára voru hraust og sterk - og heppin, en lífið var hættulegt og fáir náðu gamals aldri.

Margir karlmenn féllu í bardögum eða fórust við vinnu sína og konur dóu oft af barnsförum. Þar við bættust allir sjúkdómarnir sem drógu marga til dauða af því að penisillín og önnur sýklalyf voru ekki til.

Fólk var miklu færra þá á Norðurlöndum en nú er. Þéttbýlisstaðir voru fáir og smáir og flestir lifðu á landbúnaði. Á 14. öld dóu svo margir úr drepsóttum og annari óáran að það liðu aldri áður en aftur varð jafnmargt í Evrópu og á 13. öld. En það þurfti að vinna verkin og þörf fyrir vinnuafll var mikil svo börn voru dýrmæt.

Börn voru líka mikilvæg af öðrum orsökum - eins og bæði fyrr og síðar var nauðsyn að tilheyra ákveðinni ætt. Þá áttu menn víst húsaskjól, daglegt brauð og öryggi. Börnin voru framtíð ættarinnar og trygging foreldranna í ellinni. Það voru ekki síst þeir sem eitthvað áttu undir sér sem giftust, þeir áttu eignir til að auka og tryggja og vildu eignast mörg börn. En auðvitað fæddust börn í öllum stéttum og líka utan hjónabands.

Barnsfæðing var gleðiefni og mæður önnuðust börn sín eftir bestu getu. Á fjölmörgum altaristöflum og helgimyndum af fæðingu Jesú eða Maríu guðsmóður mátti sjá fyrirmyndir. Sængurkonan liggur vel búin í hvílu sinni, með hægindi og ábreiður. Þar eru kistur fyrir fatnað og lín, þvottaföt og könnur, líklega með styrkjandi drykkjum. Nærkonur lauga barnið og reifa og leggja í fang móðurinnar. Við fæðingu Jesúbarnsins situr Jósef gjarnan úti í horni og vitringarnir þrír krjúpa í andakt en annars voru fæðingar svið kvenna.

Börn voru oft send snemma í fóstur. Það gat meðal annars verið gert til að barnið tengdist fleirum. Á sama hátt voru trúlofanir og giftingar nýttar til að tryggja frið og mynda tengsl milli ætta. Meðal þjóðhöfðingja voru ung börn oft notuð sem eins konar trygging fyrir friði og öryggi landsins. Margrét drottning var bara sex ára þegar hún var trúlofuð Hákonni konungi og tíu ára þegar þau giftust. Margt þurftu börn að læra. Þau urðu að kunna sig meðal jafningja, drengir áttu að læra að stjórna eignum og búi og nema bardagalist. Stúlkurnar áttu að verða húsfrúr og og stjórna húshaldinu, nema kvenlegar dyggðir og þegar eiginmaðurinn var fjarri í hernaði eða til að líta eftir öðrum eignum stýrði konan oft búrekstrinum. Verkaskipting var skýr

milli karla og kvenna og konurnar héldu ættinni við með barneignum. Lagaleg ábyrgð hvíldi á karlmönnum og allir urðu að laga sig að þörfum heildarinnar.

Á margan hátt þurftu menn að kunna sig og fólk á miðöldum var hvorki fáfrótt né einhæft. Börn heldra fólks voru oft send í klausturskóla til að læra lestur, skrift og kristin fræði. Stúlkurnar lærðu líka að sauma út og það var sungið og leikið á hljóðfæri.

Það hafði líka sína kosti ef þær gengu í klaustur. Klausturgjald fyrir dóttur var lægra en heimanmundur ef hún giftist og þá var henni tryggð sómasamleg framfærsla til æviloka.

Fyrir piltana gat leiðin til valda og áhrifa líka legið í gegnum klaustrin. Ábótar og biskupar áttu mikið undir sér á miðöldum. Kirkjunnar menn fóru út í heim til að mennta sig eða sem sendiboðar milli páfa og þjóðhöfðingja.

Almúgafólk átti líka sína möguleika innan kirkjunnar. Greindir piltar gátu unnið sig upp í gegnum dómkirkjuskólana og jafnvel náð háum klerklegum embættum. Kirkjan tengdist valdastéttinni en til þess að halda sjálfstæði sínu hafði hún líka þörf fyrir klóka menn sem ekki voru neinum háðir.

Fyrst og fremst urðu börnin að læra að haga sér eins og fullorðið fólk og gegna sínu hlutverki. Þau gátu unnið margvísleg störf ekki síður en þeir fullorðnu.

Í myndskreytingum frá miðöldum sést lítið af börnum í fljótu bragði annars staðar en hjá sængurkonum en sé betur að gáð leynast þau víðar. Þau eru klædd eins og fullorðnir og það er bara stærðin sem sýnir að um börn er að ræða. Drengir sinna skepnum og litlar stúlkur sjást í eldhúsum og stofum. Það sannar þó ekki að börn hafi ekki leikið sér og skemmt sér. Varðveist hafa leikföng, lítil sverð, útskornir fuglar og fleira og á myndum má sjá börn og fullorðna að leik. Það var lítið á börn sem litlar manneskjur og það voru ekki bara börn sem léku ísknattleik, gengu á stultum og fóru í blindingsleik. Það sem var frábrugðið aðstæðum barna nú var samstarf og samvera ólíkra aldurshópa og ábyrgð á hlutverki sínu í þeim hópi sem maður tilheyrði.

Um það má lesa í leiðbeiningum um gott uppeldi frá miðöldum, t.d. í Konungs-skuggsjá frá 13. öld sem var almenn fyrirmynd um góða siði. Þetta má líka lesa milli línanna í bréfi sem Eiríkur konungur hafði með sér á ferð sinni til Noregs 1405 þegar hann átti að sækja brúði sína, ensku prinsessuna Philippu, og sjá um ýmis málefni ríkisins. Hann var þá konungur allra Norðurlanda og menn hafa lítið á bréfið sem strengilega áminningu frá Margréti drottningu. Það kann að stafa af aðdáun manna á henni og af því að önnur slík bréf eru ekki þekkt.

Bréfið mætti vera betur varðveitt en auk þess að leggja áherslu á guðsótta og góða siði minnir það mest á erindisbréf mikilvægs stjórnarereindreka. Í raun sýnir bréfið að Margréti hafði tekist að ala eftirmann sinn þannig upp að hann yrði starfi sínu vaxinn.

Þau börn sem alin voru upp hjá vandalausum höfðu kannski ekki minna samneyti við ástvini sína en börn á okkar tímum sem dvelja á dagvistarstofnunum á meðan foreldrarnir eru á vinnustað.

Rikke Agnete Olsen
Sigurborg Hilmarsdóttir þýddi

